

Nd.

22. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

Flutningsm.: Jakob Möller.

1. gr.

Á eftir 2. málgr. 2. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþyktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendir varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskifti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sje þar seldur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1926.

Greinargerð.

Frv. þetta er samhljóða frv., sem samþykt hefir verið í neðri deild á tveim síðustu þingum, en felt í efri deild. En á síðasta þingi var það felt með aðeins eins atkvæðis mun, og má því fullyrða, að það hafi nú riflegan meiri hluta í þinginu. Það virðist því rjett að láta það koma fram enn á ný.

Lögin um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum voru sett í því skyni aðallega að vernda starfsmenn verslananna gegn óhæfilega löngum vinnutíma, og það er auðsætt, að nákvæmlega sömu rök eru fyrir þessum viðauka við lögin. Hinsvegar er það auðvitað á valdi bæjarstjórnanna, hvort þær nota lagaheimildina, en það fer væntanlega eftir því, hve brýn þörfin er talin á hverjum stað.

Til frekari greinargerðar fyrir frv. þessu visast til þskj. Nd. 56, 1925.